

Dómsorð:

Stefndi, Böðvar Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, bæjarfógetanum á Ísafirði, innheimtumanni ríkissjóðs f. h. ríkissjóðs, kr. 222.493.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. október 1973.

Nr. 91/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hrafni Pálssyni

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarlógeti.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns þar, kr. 15.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að úr hófi dróst að hefja rannsókn máls þessa. Þá var rannsókninni hvorki haldið áfram með nægilegum hraða né var hún svo vönduð, sem rétt var.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hrafn Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.-000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1972.

Ár 1972, föstudaginn 29. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 526/1972: Ákæruvaldið gegn Hrafn Pálssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 18. ágúst s.l., gegn ákærða, „Hrafn Pálssyni, verkamanni, Hverfisgötu 58, Reykjavík, fæddum 10. marz 1935 í Vestmannaeyjum, fyrir þjófnað með því að hafa föstudagsmorguninn 2. júní 1972 farið í heimildarleysi inn í íbúð Lárusar Fjeldsted að Laufásvegi 35 í Reykjavík og stolið þar handtösku, einni flösku af áfengi, nokkrum dósnum af niðursoðnum matvælum og notuðum karlmannaskóm.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsídómum sem hér segir:

- 1961 3/2 Vestmannaeyjum: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga.
- 1963 18/7 Vestmannaeyjum: 40 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 1. gr., 1. mgr., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuskríteini í 2 ár frá dómsuppkvaðningu.
- 1966 5/4 Vestmannaeyjum: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 209. og 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga.

- 1967 16/3 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum.
- 1967 15/6 Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1968 19/3 Neskaupstað: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1968 25/7 Reykjavík: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1969 16/5 Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1969 12/9 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 11/5 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 25/2 Reykjavík: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Með dómi hinn 11. október 1956 var ákærði sýknaður af ákæru fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.

Hinn 1. júní 1958 var hann kærður fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, en ákæru frestað á hendur honum skil-orðsbundið í 3 ár.

Loks hefur ákærði undirgengist 45 sinnum sektir með dóms-sátt, er nema frá 100—900 kr. hverju sinni, mestmegnis fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 2. júní s.l., klukkan 0822, var hringt á lögreglu-stöðina frá Laufásvegi 35 og tilkynnt, að maður hefði skömmu áður farið þar inn um glugga og framið þjófnað. Lögreglumenn héldu á staðinn og hittu þar að máli húsráðanda, Lárus Fjeldsted verzlunarmann. Kvað hann manninn hafa farið inn um opnan-legan glugga á húsinu. Lárus kvað hafa verið stolið nokkrum niðursuðudósum og svörtum spariskóm, er hann sjálfur átti. Jór-un Fjeldsted, eiginkona Lárusar, skýrði lögreglunni frá því, að hún hefði haft tal af manni þeim, er fór inn í húsið. Hefði hann sagzt heita Hrafn Pálsson og eiga heima á Hverfisgötu. Jór-un kvað mann þennan hafa verið ljóshærðan, á að gizka 30 ára að aldri. Maðurinn var með rauða tösku í hendi, er á stóð „Coca cola“. Jór-un kvaðst ekki í fyrstu hafa grunað mann þennan um þjófnað og hefði hún ekki tálmað för hans á brott. Að sögn lög-reglunnar voru engar skemmdir sjáanlegar á glugganum.

Rannsóknarlögreglan yfirheyrði ákærða Hrafn út af framan-

greindum þjófnæði hinn 26. júní s.l. Þegar ákærða höfðu verið kynnt málsatvik, skýrði hann frá því, að hann gæti ómögulega munað eftir atburði þessum, en vildi þó ekki þræta fyrir, að það hefði verið hann, sem fór inn í húsið að Laufásvegi 35. Ákærði kvaðst ekki muna eftir neinum niðursuðudósum né svörtum skóm, sem hann gæti hafa tekið þarna, en sannist það, að hann hafi farið inn í húsið og tekið þessa hluti, sé hann fús til að bæta skaðann, verði þess krafizt.

Í viðtali við rannsóknarlögregluna skýrði Lárus Fjeldsted nánar svo frá, að í stað svörtu skónna, sem hefðu verið teknir frá sér, hefðu verið skildir eftir rauðleitir reimaðir skór. Afhenti hann rannsóknarlögreglunni þá.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður, er hafði á hendi lögreglurannsókn í máli þessu, hafði tal af Hjördísi Gunnarsdóttur, eiginkonu ákærða Hrafns. Skýrði hún svo frá, að ákærði hefði eitt sinn snemma í júnímánuði s.l. komið heim í svörtum skóm, sem hann hefði ekki átt. Afhenti hún skó þessa. Jafnframt sagði Hjördís, að ákærði hefði átt að vera í rauðleitum skóm frá skóverksmiðjunni Iðunni á Akureyri. Bæði ákærða og eiginkonu hans voru sýndir umræddir skór, en þau könnuðust hvorugt við, að þeir væru úr eigu ákærða.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður hefur mætt í dómi sem vitni og skýrt frá því, að Lárus Fjeldsted hafi komið með skó þá, er í skýrslu þess greinir. Þetta voru skór, rústrauðir að lit, frá Iðunni. Vitnið kveðst hafa mátað þessa skó á ákærða Hrafn og hafi þeir passað á hann. Ákærði viðurkenndi, að skórnir pössuðu á sig, en neitaði að kannast nokkuð við þá. Vitnið kveður, að ákærða Hrafni hafi verið stillt upp ásamt 2 öðrum mönnum og Jórunn Fjeldsted síðan kvödd á vettvang. Hafi hún bent á ákærða Hrafn sem mann þann, er farið hefði inn í íbúð hennar að morgni 2. júní s.l. Vitnið kveðst hafa farið heim til Hjördísar Gunnarsdóttur, eiginkonu ákærða Hrafns, að Hverfisgötu 58. Hringdi Hjördís til þess að fyrra bragði og sagði því, að heima hjá sér væru svartir skór, sem ákærði hefði komið í heim í umrætt sinn. Sótti vitnið skóna til Hjördísar. Vitnið sýndi Lárusi Fjeldsted skó þessa, og sagði hann, að um sína skó væri að ræða. Hefðu þeir horfið frá sér umrætt sinn.

Þá skýrir vitnið frá því í skýrslu sinni, að ákærði hafi verið í rauðri blússu, er það yfirheyrði hann 26. júní s.l. Hafi verið lítill rifa á hægri blússuerminni.

Vitnið Jórunn Fjeldsted hefur skýrt frá því, að það hafi vaknað

við það að morgni föstudagsins 2. júní s.l. um kl. 0800, að drukkin maður kom inn í svefnherbergi þess. Spurði hann vitnið, hvar hann gæti komið út úr húsinu. Vitnið spurði manninn, hvaðan hann væri að koma. Sagðist hann vera að koma úr vaskahúsi Hjördísar, en vitnið botnaði hvorki upp né niður í því. Vitnið spurði manninn að heiti, og sagðist hann heita Hrafn Pálsson og eiga heima á Hverfisgötu. Vitnið fór fram úr rúminu og vísaði manninum út um bakdyrnar. Maðurinn var klæddur rauðri blússu, og um leið og hann fór út, lenti blússuermi á hægri handlegg hans á járn á dyrastafnum og rifnaði ermin lítils háttar. Vitnið veitti því athygli, um leið og maðurinn fór á brott, að hann var með rauða Coca-cola tösku. Sá það, að í töskunni voru niðursuðudósir og vínflaska. Þegar betur var að gáð, eftir að maðurinn var farinn á brott, kom í ljós, að farið hafði verið inn um glugga á skrifstofu Lárusar, eiginmanns vitnisins. Hafði verið mikið rót-að í skrifborði hans, og var saknað 1 flösku af whiskey úr skáp í skrifborðinu, en vodka flaska úr skápnum hafði verið sett á skrifborðið. Jafnframt kom í ljós, að rauða taskan, sem maðurinn var með, hafði verið tekin úr kjallaranum ásamt niðursuðudósunum og svörtum skóm, er Lárus átti. Hins vegar höfðu verið skildir eftir brúnleitir karlmannsskór, reimaðir, og voru þeir afhentir rannsóknarlögreglunni. Vitnið kveðst þegar hafa gert lögreglunni aðvart. Hafi hún leitað um nágreinnið, en ekki fundið manninn. Vitnið kveðst hafa þekkt umræddan mann við sakbendingu hjá rannsóknarlögreglunni og hafi það verið ákærði Hrafn Pálsson. Vitnið skýrir frá því, að það hafi séð svarta skó hjá rannsóknarlögreglunni, er því var sagt, að fundið hefðu hjá ákærða Hrafn. Búið var að skemma skóna með þeim hætti, að tvær stórar rifur höfðu verið skornar í þá. Voru skórnir algerlega ónýtir. Vitnið kveðst hafa þekkt, að þar var um skó Lárusar að ræða, og byggir það á því, að hann velur skó með sérstöku sniði, sem erfitt er að fá.

Vitnið Lárus Fjeldsted kveðst hafa verið heima hjá sér sofandi, er þjófnaðurinn var framinn á heimili þess að morgni 2. júní s.l. Kona vitnisins vakti það, eftir að maður sá, sem farið hafði inn í hús þeirra, var farinn á brott, og skýrði því frá, hvað gerzt hafði. Vitnið kveður hafa horfið úr skáp í skrifborði þess eina flösku af whisky. Einnig hurfu úr herberginu svartir skór, er vitnið átti, en úr kjallaranum handtaska ásamt nokkrum niðursuðudósunum. Ekkert af þýfinu kom aftur í leitirnar nema skórnir, sem vitnið sá í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Var vitninu tjáð, að Hjördís, eiginkona ákærða Hrafns, hefði komið með þá

þangað. Búið var að skera í skóna, og voru þeir ónýtir. Vitnið kveðst strax hafa þekkt, að hér var um skó þess að ræða, sem eru af Tiger gerð, en sú tegund af skóm er sjaldgæf hér, og hafði vitnið keypt skóna í Kaupmannahöfn. Vitnið kveður hafa fundizt í kjallaranum heima hjá sér, eftir að maðurinn hafði verið þar, rauð-brúnleita skó og hatt, sem vitnið afhenti rannsóknarlögreglunni.

Ákærði Hrafn hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi búið á Hverfisgötu 58 á þeim tíma, sem þjófnaðurinn var framinn í íbúð Lárusar Fjeldsteds að Laufásvegi 35. Ákærði kveðst nóttina áður hafa verið heima hjá sér og eigi neytt neins áfengis. Ákærði fór á fætur klukkan 0730 að morgni 2. júní og tók saman farangur sonar síns, sem var að fara til dvalar í sveit. Ákærði fór síðan með syni sínum út á Umferðarmiðstöð um klukkan 0830 og skildist þar við hann, en að því búnu hélt hann heim til sín. Ákærði neitar að hafa komið að Laufásvegi 35 umræddan föstudagsmorgun og vill ekki viðurkenna að hafa framið þar þjófnað, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Ákærði heldur að öðru leyti fast við skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni. Honum var kynnt það, sem fram hefur komið í málinu varðandi þjófnað þann, sem framinn var að Laufásvegi 35, og kveðst hann engu að síður halda fast við framburð sinn. Ákærði kveðst vilja benda á, að hann sé skólhærður, en Jórunn Fjeldsted hafi skýrt lögreglunni frá því, að maður sá, er framdi þjófnaðinn að Laufásvegi 35, hafi verið ljóshærður.

Með eiðfestum framburði vitnanna Jórunnar og Lárusar Fjeldsteds svo og þegar virtur er framburður ákærða sjálfs í upphafi máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um framangreindan þjófnað. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af saka-vottorði hans fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hrafn Pálsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1973.

Nr. 76/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn

Agli Grímssyni Thorarensen

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Birgi Þorvaldssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og Sigurði Ívari Sigurðssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Rangur framburður fyrir dómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna ber að staðfesta, að ákærði Egill Grímsson Thorarensen hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Varða brotin við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. tl. 33. gr., 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973, eru skilyrði fyrir hendi, að beita megi 1. mgr. 17. gr. greindra áfengislaga.

Samkvæmt sakargögnum verður talið sannað, að ákærðu